

Nefndarálit

um frv. til l. um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, og till. til þál. um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna (102. mál) og um frumvarp til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis (100. mál). Fjallað var samhliða um málin í 1. umræðu og var þeim vísað saman til nefndarinnar. Niðurstaða nefndarinnar var að flytja á sérstöku þingskjali tillögu til þingsályktunar um listfræðilegt mat á listaverkasöfnum bankanna. Er í greinargerð með hinni nýju tillögu rakin umfjöllun og afgreiðsla nefndarinnar um bæði þingmálin og vísast til þess. Nefndin leggur því til að í stað formlegrar afgreiðslu málanna komi sjálfstæð þingsályktunartillaga en gerir – formsins vegna – þá tillögu til **rökstuddrar dagskrár** um 100. og 102. mál að þau séu eigi afgreidd og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 2009.

Álfheiður Ingadóttir,
form., frsm.

Gunnar Svavarsson.

Birgir Ármannsson.

Guðfinna S. Bjarnadóttir.

Höskuldur Þórhallsson.

Árni M. Mathiesen.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Magnússon.